Nr. 1397 11. desember 2020

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Utanverðuneslegat í Skagafirði.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Í skipulagsskránni falli brott orðið „Sýslumanns“ og í staðinn komi: sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða fulltrúa sem hann skipar.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Utanverðuneslegat í Skagafirði, sbr. fylgiskjal sem birt er með auglýsingu þessari staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og tekur Sveitarfélagið Skagafjörður við fjárreiðum sjóðsins úr höndum sýslumannsins á Norðurlandi vestra þann 1. janúar 2021.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. desember 2020,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrímsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

Nº 160.

Þareð mín ógleimanlega dóttir Hólmfríður sál., sem burtkallaðist frá hérvistarvölinni þann 28da Novembr. næstl: á: á sínu 14da aldurs ári ámálgandi opt við mig, í sinni 7 vikna Sjúkdómslegu, sem hana dró til dauða, að eg auk annara smærri gjafa, sem hún ánafnaði sjálf "skyldi gjöra sínvegna gott munaðarlausum Börnum", og ítrekaði þettað tæpum klukkutíma fyrir sitt andlát, sjáanlega tonteklan (sic) af Fegnuði, og Forsmeck epterkomandi aldar. – Solmt eg mér huggvæmast, að fullnægja þessum hennar góðgjörnu Tilmælum, með þeirri Ráðstafan: að jörðina Utanverðunes – liggjandi í Rípurhreppi og Skagafjarðar Sýslu, metin til Eptergjalds nú 20 ⫽ að dýrleika, enn samqvæmt Jarðabókinni af 1760, 40 ⫽ með einu þarverandi ásauðar kúgyldi, og þeim húsum, Landeign, Gögnum, og Gjæðum, sem henni fylgdu, þá eg eignaðist hana, Árið 1834 – skuli frá næstkomandi Fardögum 1838, og síðann, verða Kristfjárjörð, og njóta þóknanlegra Byggingar "Umraða viðkomandi Sýslumanns og Prófast", enn afgjald hennar verjast til uppeldis stirks því munaðarlausu Barni innan Skagafjarðar Sýslu, einkum ef finnst í Hólahreppi, sem eptir nefndra Yfirvalda áliti reiknast kynni þartil fyrir sjerlegar Kringumstæður – sosem Forstöðumanna missir, ráðvandt ætterni og so fr. – og sína góða Eiginlegleika helst útveljandi, so við hrepps Forsorgun fríist, og þá upp fóstursstyrkur þessi, hefir komið einu slíku Barni til nota, uns það gétur unnið sjer Brauð, þá sé hann eptir viðkomandi Yfirvaldaráði úthlutaður öðru því líku, og verði slíkum Fyrirmælum framfylgt einu munaðarlausu Barni, eptir annað, til Hjálpar, solengi nefnd jörð gétur þar til þénað, enn viðkomandi Háyfirvaldi árlega gjörð grein fyrir, uppfyllingu þessarar Áqvörðunar.

Til Staðfestingar er mitt Nafn, og hjáþrykt Signet, í nærveru Notarii publici.

Hólum þann 31ta januarii 1838.

Benedict Vigfússon

L. S.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti á Ríp þann 8da Júníí 1838 og protocollerað.
L. Thorarensen

Að herra prófastur Benedict Vigfússon á Hólum hafi í minni, og tilkallaðra votta nærveru, með fullu Ráði og óskerdtri Skinsemi, lýst því, að han hafi samið ofan skrifað Gjafabréf, og að innihald þess, sé samkvæmt sínum vilja,

það attesterast hér með notarialiter.

L. Thorarensen

Notarialgebyhr — R,M 80 f. borgað með áttatíu skildingum í Silfurmynt.

L. Thorarensen